

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 17. desember 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um vörugjöld og tollalögum (473. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér fjölmargar breytingar á vörugjöldum.

Viðskiptaráð tekur heilshugar undir markmið laganna um aukna skilvirkni og einföldun á álagningu vörugjalda. Samræming í innheimtu og rafvæðing ferla er því af hinu góða. Frumvarpið sýnir þó svo ekki verði um villst hversu mikil ótemja vörugjaldakerfið er orðið – með tilheyrandi kostnaði fyrir fólk, fyrirtæki og ríkissjóð. Hér vísar undirritaður m.a. til nýrrar skoðunar Viðskiptaráðs [Neysluskattar komnir á síðasta söludag](#) þar sem eftirfarandi kom m.a. fram:

- Tollar og vörugjöld eru þrefalt hærri en í nágrannalöndum og leggjast á mun fleiri vörur en gengur og gerist erlendis.
- Neyslustýringaráhrif þeirra eru tvöföld hér samanborið við nágrannalönd.
- Þetta orsakar velferðartap í þeim skilningi að hærri álögur draga úr seldu magni og hrein skattheimta er í einhverjum tilvikum neikvæð.
- Ólík álagning VSK og vörugjalda mismunar atvinnugreinum og vöruflokkum, en fjórðungur einkaneyslunnar er með öllu undanþegin VSK og veigamiklir vöru- og þjónustuflokkar falla undir 7% þrepið. Báðir þessir þættir ýta undir umtalsvert hærra almennt VSK-þrep, sem stendur í 25,5% og er með því hæsta sem gerist.
- VSK-kerfið innheimtir 15% minni tekjur en gerist innan OECD.
- Með því að afnema alla tolla og vörugjöld á vörur sem valda ekki samfélagslegum kostnaði, afnema allar undanþágur frá VSK og sameina þrep má lækka VSK í 20%, án þess að höggva skarð í tekjur ríkissjóðs.
- Unnt er að koma til móts við efnaminni einstaklinga vegna hækkun matvæla með beinum hætti á tekju- eða útgjaldahlið hins opinbera.
- Þessi samræming myndi gera aðilum sem ekki eru VSK-skyldir, s.s. heilbrigðisstofnunum, kleift að fá útlagðan VSK endurgreiddan þ.e. jafna inn- og útskatt.
- Með þessu eru innbyrðis samkeppnisskilyrði atvinnuvega jöfnuð, gagnsæi í tilfærslum aukið, hagkerfið opnað frekar og þar með lagður grunnur að auknum alþjóðaviðskiptum, samkeppnishæfni og bættum lífskjörum.

Hvað einstaka þætti frumvarpsins varðar vísar undirritaður til umsagna [Félags atvinnurekenda](#) og [Samtaka atvinnulífsins](#).

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson
Framkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands